

## Íþróttafélagið Þór

Afhending 2011/85

Íþróttafélagið Þór var stofnað þann 6. júní 1915 og er elsta starfandi íþróttafélag á Akureyri. Stofnandi félagsins var Friðrik Einarsson, sem var einnig fyrsti formaður þess. Hann var tæplega 15 ára gamall þegar hann stofnaði félagið ásamt nokkum öðrum 12-15 ára drengjum á Oddeyri. Í fyrstu hét félagið Þór, íþróttafélag Oddeyringa.

Stofnfélagar í Þór voru 46 talsins. Fyrstu lög félagsins kváðu á um að félagsmenn yrðu að vera eldri en 10 ára en yngri en 15 ára. Sú regla var þó afnumin frekar snemma í starfseminni. Fyrstu lög Þórs kváðu einnig á um að félagsmenn gætu orðið burtrækir ef þeir yrðu uppvísir að neyslu tóbaks eða áfengis.

Fyrsta íþróttasvæði Þórs var á Oddeyrinni, neðan við Linduhúsið, en félagið varð að víkja þaðan vegna skipulagsbreytinga. Féluginu var seinna úthlutað svæði í Glerárhverfi sem oft er nefnt Mógrafir, en þar varð ekkert úr framkvæmdum og féluginu var úthlutað nýtt svæði stutt frá Glerárskóla og þar hófust framkvæmdir árið 1971. Fyrsti malarvöllurinn á nýja svæðinu var tekinn í notkun árið 1975.

Framkvæmdir við Hamar, félagsheimili Þórs, hófust árið 1987 og húsið var vígt 6. júní 1992. Árið 2002 var hafist handa við að byggja íþróttahúsið Bogann, sem er á íþróttasvæði Þórs en er rekið af íþrótt- og tómstundaráði Akureyrarbæjar. Byggingin var fjármögnuð af Akureyrarbæ. Boginn hýsir fyrsta flokks aðstöðu fyrir innahúss knattspyrnu og frjálsar íþróttir og tengigangur liggar úr Baganum í Hamar.

Fyrsti einkennisbúningur Þórs var svartur og hvítur. Árið 1935 var ákveðið að skipta um búning og nýji búningurinn var svartur og gulur. Í kringum 1950 var aftur ákveðið að skipta um liti, en þá var hvítur tekinn inn aftur og svörtum skipt út fyrir rauðan.

Afhendingin barst frá Páli Jóhannessyni. Aðrar afhendingar frá sama skjalamyndara eru 897, 2004/21, 2005/8, 2005/20 og 2006/29.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri  
28. nóvember 2019

Sunnefa Lind Þórarinsdóttir  
Skjalavörður

# Héraðsskjalasafnið á Akureyri

## Geymsluskrá

Skrán.nr.	Örk	Efni	Ath.
<b>A-Íþróttafélagið Þór</b>			
AA-Leikskrár		<b>1992 - 2002</b>	
<b>Íþróttafélagið Þór</b>			<b>2011 / 85</b>
2011 - AA / 1    1	1992- 1993	Leikskrár knattspyrnudeildar Þórs; leikskrár handknattleiksdeildar Þórs.	Safn leikskráa óheilt
2011 - AA / 1    2	1993- 1998	Leikskrár knattspyrnudeildar Þórs; leikskrár handknattleiksdeildar Þórs; leikskrár körfuknattleiksdeildar Þórs.	Safn leikskráa óheilt
2011 - AA / 1    3	2001- 2002	Leikskrár knattspyrnudeildar Þórs; leikskrár Þór - Borgarnes 15. okt. 2001; leikskrá handknattleiksdeildar Þórs.	
<b>AB-Fréttabréf og auglýsingar, önnur dreifibréf</b>		<b>1981 - 2005</b>	
<b>Íþróttafélagið Þór</b>			<b>2011 / 85</b>
2011 - AB / 1    1	1981- 2005	Í vertíðarlok, blað knattspyrnudeildar Þórs; blað, Manchester City í heimsókn hjá Þór 1981; dreifibréf; blað, Pollamót Þórs 2005; auglýsing eða aðgöngumiðar að afmælisfagnaði Þórs 80 ára.	